

Skólaráð

Fundur fimmtudaginn 27. október kl. 09:00.

Mættir: Bylgja Baldursdóttir, Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir, Ásdís Elma Ágústsdóttir, Arthur Lúkas Soffíuson, Elísabet Kolbrún Eckard, Ársæll Kristinn Björnsson, Elín Björg Gissurardóttir, Þórunn Björk Tryggvadóttir og Arne Kristinn Arneson

1. mál - farið yfir fundargerð síðasta fundar og reglur um starfsemi skólaráðs.

2. mál – starfsreglur skólaráðs.

- Fundir haldnir fjórum sinnum á ári. 27. október, 16. janúar, 13. mars og 8. maí.

3. mál – starfsáætlun skólans.

- Drög starfsáætlunar kynnt og farið var yfir breytingar á uppsetningu. Einnig var farið yfir breytingar skipuriti og starfsemi Skýið kynnt, eftir skóla úrræði fyrir nemendur í 5. - 10. bekk með raskanir. Farið yfir hlutverk stjórnenda. Mikil aukning á nemendafjölda er á milli ára. Sagt frá því hvernig rými Skólasels hefur tekið við elstu nemendum leikskólans á meðan unnið er í húsnæðismálum leikskólans. Aðgengileg á heimasíðu skólans.

4. mál – sjálfsmatsskýrsla

- Innra mat þar sem sjá má t.d. niðurstöður úr Skólapúlsinum og framkvæmdaráætlanir. Verður aðgengileg á heimasíðu skólans.
- Niðurstöður úr skólapúlsinum þar sem nemendur virðast ekki sinna hreyfingu eða íþróttaiðkun utan skóla. Skóli hafði samband við Rut frístundafulltrúa og nemendaráð lagði fyrir nemendur könnun á áhugasviði nemenda. Arne kemur með hugmynd að kynningu á íþróttum fyrir nemendur og ef að áhugi skapast þá er hægt að pressa á frístundabíl til að ýta undir iðkun nemenda. Má strax sjá mun á niðurstöðum nú í september frá því í maí sl. Sem má rekja til þess að nú er unglingsþrek í boði fyrir nemendur.

5. mál – önnur mál

- Ásdís Elma sagði frá ferð 9. bekkjar til Slóvakíu, mikið menningarsjokk, og skólinn í Slóvakíu er með mikið trúarívaf. Aðrar áherslur í námi og ólíkt nám, engar tölvu og bókasafnið mjög smátt. Mikill lærdómur.
- Ásdís Elma bendir á að nemendur finna þörf fyrir fleiri sérúrræði.
- Nemendaráð var með kökusölu nú á dögum þar sem ágóðinn verður nýttur til að kaupa efnivið í draugahús fyrir Hrekkjavöku. Nemendaráðið stóð fyrir Myndatöku og skreytingum fyrir bleikan mánuð.
- Hugmynd um að vera með íþróttakynningu þar sem íþróttafélög fá að koma í skólann og kynna sínar greinar. Arne skilar því til heilsueflandi teymis.
- Allir sammála um mikilvægi frístundabíls og átaks í þessum málum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 10:00

Kolbrún Ósk Ásgeirsdóttir ritaði fundargerð.